



356. Stjórnarfundur haldinn 6. september 2010 kl:17:00

Mættir: Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

EH boðaði til aukafundar. Eitt mál á dagskrá.

1. Nýja félagsheimili Keflavíkur að Sunnubraut.

EH, BI og BS lögðu fram kostnaðaráætlun varðandi kaup á skrifstofuhúsgögnum, borðum og stólum í sal. Farið yfir hvað aðalstjórn myndi setja inn á skrifstofur deilda. Umræður um hvernig skildi staðið að þessum málum og hvað yrði keypt inn í nýja félagsheimilið. Ljóst var að bærinn eða Fasteign kæmu ekki að þessum innkaupum allavega ekki eins og sakir standa. Ákveðið var að fela framkvæmdastjóra að panta inn á skrifstofur og í sal miðað við það tilboð sem lá frammi og er fylgiskjal með þessari fundagerð. Umræður um að setja upp tvo flatskjái annan í fundarsal og hinn í K-fundarherbergi. Stjórnin sammála að festa kaup á þessum flatskjáum samkvæmt því tilboði sem liggur fyrir og er fylgiskjal með fundagerðinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:10
Fundinn ritaði EH

